

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2022

Efni: Umsögn Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 24. mál.

Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp sem lagt er fram af hálfu þingflokks Sjálfstæðisflokksins, annarra en ráðherra og forseta þingsins. Frumvarpið felur í sér setningu nýrra laga um félagafrelsi á vinnumarkaði en samhliða því eru lagðar til breytingar á öðrum lögum, svo sem starfskjaralögum, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þannig er verið að leggja til breytingar á þeirri löggjöf sem leggur grunninn að skipulagi vinnumarkaðar hér á landi og hefur verið hornsteinn að uppbyggingu á velferðarkerfi okkar og samfélagslegu öryggisneti.

Meginmarkmið frumvarpsins eru að sögn flutningsmanna þau að auka valfrelsi launafólks þegar kemur að stéttarfélagsaðild, leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, vernda rétt launafólks til að standa utan verkfalla og afnema greiðsluskyldu launafólks sem stendur utan stéttarfélaga þegar þess er krafist í lögum eða kjarasamningum.

Í þessari umsögn vill Sameyki koma á framfæri athugasemdum sínum og leiðrétta það sem ranglega er farið með í greinargerð þess.

Sameyki bendir á að engin skylduaðild er að stéttarfélögum á Íslandi, hvorki í lögum né í kjarasamningum. Á sama tíma er stéttarfélagsaðild launafólks á Íslandi þó með því hæsta sem gerist í heiminum, eða rúmlega 90 prósent. Á Norðurlöndunum er litið til Íslands sem fyrirmynd þegar kemur að virkni íslenskrar verkalýðshreyfingar og þátttöku launafólks í verkalýðsbaráttu. Samtakamáttur sterkar verkalýðshreyfingar hér á landi hefur meðal annars skilað íslensku launafólki veikindarétti, rétti til sumarorlofs, lífeyrissjóðskerfinu, fæðingarorlofskerfinu og svo mætti lengja telja. Það samfélagslega öryggisnet sem skipulagður vinnumarkaður hefur fært samfélaginu hefur þannig stutt við og aukið velferð samfélagsins.

Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 má engan skylda til aðildar að félagi en með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmætu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Hér á landi hefur ekki verið farin sú leið að skylda launafólk til aðildar að stéttarfélögum svo þau geti sinnt lögmætu hlutverki sínu, heldur er gert ráð fyrir því í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 að launafólk geti staðið utan stéttarfélaga kjósi það svo.

Í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, sem oft eru nefnd starfskjaralögin, og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 er fjallað um greiðsluskyldu til handa því launafólki sem tekur réttindi samkvæmt þeim kjarasamningum sem hafa verið gerðir fyrir þeirra hönd en hafa ákveðið að standa utan stéttarfélags. Um er að ræða gjald sem hefur verið nefnt *samningsréttargjald* og kemur til vegna þjónustu stéttarfélags gagnvart umræddum aðila vegna kjarasamningsgerðar, enda tryggja starfskjaralögin að kjarasamningur kveði á um lágmarksréttindi sem taka til allra í hlutaðeigandi starfsgrein á því svæði sem hann tekur til.

I. Um forgangsréttarákvæði íslenskra kjarasamninga

Í greinargerð frumvarpsins segir:

„Á Íslandi eru svokölluð forgangsréttarákvæði í kjarasamningum. Slík ákvæði ganga gegn félagafrelsi launamanna enda má leggja þau að jöfnu við skylduaðild að stéttarfélagi, þar sem fólk er í raun og veru útilokað frá tilteknum störfum gangi það ekki í stéttarfélagið sem hefur forgang samkvæmt kjarasamningi. Nánast öll vestræn lönd hafa bannað slík ákvæði með vísan til félagafrelsis launamanna. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) fjallað um forgangsréttarákvæði í máli Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku frá 11. janúar 2006 (52620/99 og 52562/99). Af dómnum má draga þá ályktun að bæði forgangsréttarákvæði og ákvæði um skylduaðild brjóti gegn 11. gr. MSE.“

Forgangsréttarákvæði íslenskra kjarasamninga gilda almennt ekki á opinberum vinnumarkaði en þau má víða finna í kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði. Tilgangur þeirra er að stuðla að skipulögðum vinnumarkaði og að tryggja samtakamátt í kjaramálum launafólks á Íslandi. Forgangsréttarákvæði ganga á engan hátt gegn félagafrelsi launafólks því þau útiloka ekki að einstaklingur taki ákvörðun um að standa utan stéttarfélaga á grundvelli félagafrelsis síns, eins og nánar var fjallað um hér að ofan. Þá standa forgangsréttarákvæði því ekki í vegi að atvinnurekendur ráði einstakling til starfa sem stendur utan stéttarfélags þó í gildi sé forgangsréttarákvæði samkvæmt kjarasamningi.

Oft hefur hins vegar reynt á gildi forgangsréttarákvæða íslenskra kjarasamninga fyrir Félagssdómi og hefur það sjónarmið verið viðtekið í réttarframkvæmd að forgangsréttarákvæði í frjálsum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins standist. Tilfni frumvarpsins sem um ræðir hér er því vægast sagt óljóst og vandséð hverju það myndi koma til með að breyta hvað þessi atriði varðar.

II. Um efni frumvarpsins

Fyrirkomulag hefur verið við lýði hér á Íslandi að stéttarfélög geri kjarasamninga sem kveða á um lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Ef launafólk gerir ráðningarsamning við atvinnurekanda með réttindum sem eru lakari en samkvæmt kjarasamningi þá teljast þau atriði ekki gild í samnings sambandi aðila. Um er að ræða grundvallarreglu sem tryggir lágmarksréttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði og

spornar t.a.m. gegn félagslegum undirboðum, sem því miður hefur verið talsvert um á undanföllum árum.

Sú regla að kjarasamningur gildi fyrir alla óháð félagsaðild er jafnframt mjög mikilvæg, því þó einstaklingur ákveði að standa utan stéttarfélags þá nýtur hann þeirra réttinda sem samið hafa verið um samkvæmt kjarasamningi stéttarfélagsins. Af þeim sökum hefur verið talið sanngjarnt og eðlilegt að viðkomandi greiði hið svokallaða samningsréttargjald til stéttarfélagsins sem semur fyrir hans hönd.


Á Íslandi er engin skylduáðild að stéttarfélögum og launafólki þar með að fullu tryggður rétturinn til að standa utan þeirra. Ástæður hvers vegna launafólki ber að greiða samningsréttargjald til þess stéttarfélags sem semur fyrir hönd þess um lágmarksréttindi, eru í þeim tilgangi að viðhalda sterkri stöðu launafólks og stuðla að því að verkalýðshreyfingin geti unnið að hagsmunamálum alls launafólks og samfélagsins í heild. Þá hefur verið farið yfir rangfærslur í greinargerð frumvarpsins hvað varðar gildi forgangsréttarákvæða kjarasamninga hér á landi.

Ef umrætt frumvarp næði fram að ganga myndi það ekki eingöngu veikja stöðu verkalýðshreyfingarinnar hér á landi heldur einnig stöðu alls launafólks á íslenskum vinnumarkaði, vinna gegn jákvæðri þróun velferðarkerfis okkar og og veikja samfélagslegt öryggisnet. Það myndi grafa undan samstöðu launafólks og draga úr því afli sem verkalýðshreyfingin svo sannanlega er. Það myndi að sama skapi ekki ná þeim markmiðum sem að er stefnt samkvæmt greinargerð frumvarpsins, enda eru þau atriði í raun nú þegar að nær öllu leyti til staðar.

Hér virðist einfaldlega vera gerð tilraun til þess að banna tiltekin athæfi með lögum sem nú þegar eru bönnuð, og það gert með vísan til frelsisins. Að mati Sameykis mætti frekar fara þá leið að vernda enn frekar hið jákvæða félagafrelsi, þ.e. réttinn til að stofna og ganga í stéttarfélög og stýra þeim án afskipta stjórnvalda eða atvinnurekenda. Sterk verkalýðshreyfing hefur reynst fámennri þjóð ákaflega dýrmæt í jákvæðri uppbyggingu á íslensku samfélagi.

Ílla ígrundaðar breytingar sem settar eru fram undir formerkjum hins neikvæða félagafrelsis geta haft afdrifarík áhrif á rétt einstaklinga samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár og með vísan til þess sem að framan greinir leggst Sameyki harðlega gegn framgangi frumvarpsins.

Fyrir hönd Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu



Þórarinn Eyfjörð
formaður